

Foreldrasamstarf

Í leikskólanum er lögð rík áhersla á að byggja upp gott samstarf við alla foreldra með velferð barnsins og barnahópsins að leiðarljósi. Stofnað er til foreldrasamstarfs á jafnréttisgrundvelli þar sem foreldrar eru sérfræðingar í málefnum barna sinna og leikskólakennarar sérfræðingar í námsumhverfi ungra barna. Styrkleiki hvers leikskólasamfélags felst í fjölbreyttum foreldrahópi en margar leiðir má fara til að virkja þann kraft í samstarfi leikskóla og fjölskyldna.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Leikskólanum ber að leggja grunn að íslenskukunnáttu barna með annað móðurmál en íslensku og kynna þeim íslenskt samfélag. Einnig er leikskólanum ætlað að styðja og styrkja foreldra til að nota og viðhalda móðurmáli barnanna og virða menningarlegan uppruna þeirra. Nánari upplýsingar á www.allirmed.is og www.leikskolar.is /Nýir Íslendingar

Hver er vistunartími barna í leikskóla?

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 17:30 og börn geta verið í leikskólanum í 4-9 ½ klukkustund á dag.

Er sumarfrí í leikskólanum?

Já, öll börn eiga fjögurra vikna sumarleyfi. Misjafnt er hvort leikskólar loka yfir sumartímann og hversu lengi. Hver leikskóli ákveður sumarlokun í samráði við foreldra.

Eru önnur frí í leikskólanum?

Já, leikskólarnir eru lokaðir fimm virka daga á ári vegna skipulagsdaga starfsfólks og hafa heimild til að skipta þessum dögum upp ef þurfa þykir. Leikskólar eru einnig lokaðir á lög-bundnum frídögum.

Er boðið upp á aðra þjónustu fyrir börn yngri en 6 ára í Reykjavík?

Hægt er að fá vistun fyrir börn frá 6 mánaða aldri hjá dagforeldrum. Þeir eru sjálfstætt starfandi og taka börn í dagvistun í heimahúsum. Dagforeldrar

sjá sjálfir um skráningu og innritun barna. Upplýsingar um dagvistunargjöld fást hjá dagforeldrum en borgin greiðir hluta af kostnaði við vistun þeirra. Nánari upplýsingar um dagforeldra og reglur um starfsemi þeirra fást á heimasíðu Leikskólasviðs www.leikskolar.is /Dagforeldrar og hjá þjónustumiðstöðvum borgarinnar.

Þjónustumiðstöðvar

Þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar veita þverfaglega og samræmda sérfræði-þjónustu við íbúa á sviði menntamála, velferðarmála og íþrótt- og tómstundamála.

- Árbær and Grafarholt, Bæjarhálsi 1, sími: 411-1200
- Breiðholt, Álfabakki 12, sími: 411-1300
- Grafarvogur and Kjalarnes, Langarima 21, sími: 411-1400
- Laugardalur and Háaleiti, Síðumúla 39, sími: 411-1500
- Miðborg and Hlíðar, Skúlagata 21, sími: 411-1600
- Vesturbær, Hjarðarhagi 45-47, sími: 411-1700



**Upplýsingar um leikskóla
og dagvistun fyrir börn í
Reykjavík**



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

Leikskólinn er fyrsta skólastigið

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn annast uppeldi og menntun barna að ósk foreldra og í samræmi við lög þar til börnin hefja grunnskólanám árið sem þau verða sex ára. Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla en mennta- og menningarmálaráðuneyti gefur út aðalnámskrá fyrir leikskólastarf og sér um mat á því.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo börnin fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Er leikskólinn fyrir alla?

Leikskólinn er fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu og trú.

Leikskólar Reykjavíkur

Rekstur leikskóla Reykjavíkurborgar heyrir undir Leikskólasvið sem annast jafnframt eftirlit og faglega stefnumótun. Á heimasíðu Leikskólasviðs eru nánari upplýsingar um starfsemi sviðsins og yfirlit yfir alla leikskóla borgarinnar www.leikskolar.is /Leikskólar borgarinnar.

Hvenær er barn innritað í leikskóla?

Sækja má um leikskóla strax og kennitala barns hefur verið skráð. Börn eru skráð á biðlista eftir leikskólaplássi við eins árs aldur og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári. Borgaryfirvöld í Reykjavík hafa þá stefnu að tryggja öllum börnum leikskóladvöl á því ári sem þau verða tveggja ára.

Hvernig fer innritun fram?

Innritun í leikskóla borgarinnar fer fram í gegnum Rafræna Reykjavík, þjónustuvef Reykjavíkurborgar www.rafraen.reykjavik.is. Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl í þjónustumiðstöðvum borgarinnar og í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411-1111.

Hvað kostar að hafa barn í leikskóla?

Upplýsingar um leikskólagjöld eru á [www.leikskolar.is/leikskolar_borgarinnar_\(gjaldskra\)](http://www.leikskolar.is/leikskolar_borgarinnar_(gjaldskra)). Upphæð leikskólagjalda ræðst af því hversu lengi barnið er í leikskólanum dag hvern en Reykjavíkurborg niðurgreiðir leikskólagjöld.

Hvað er innifalið í leikskólagjaldinu?

- Nám og umönnun barnsins.
- Morgunmatur, hádegismatur og eftirmiðdagshressing.
- Stuðningur eða sérkennsla ef með þarf.

Hvað er dvalarsamningur?

Dvalarsamningur er gerður á milli leikskóla og foreldra þegar barnið byrjar í leikskólanum. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalar-samningi er einn mánuður hið minnsta og miðast við 1. og 15. hvers mánaðar. Með undirritun dvalarsamnings staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá Leikskólasviðs og reglur um leikskólaþjónustu. Ef leikskólagjöld eru ekki greidd á tilsettum tíma fer innheimtuferli í gang og áskilur Leikskólasvið Reykjavíkurborgar sér rétt til að segja upp dvalarsamningi berist ekki greiðsla. Sjá nánar reglur um leikskólaþjónustu á [www.leikskolar.is/Leikskolar_borgarinnar_\(innritun\)](http://www.leikskolar.is/Leikskolar_borgarinnar_(innritun)).

Sjálfstætt starfandi leikskólar.

Innritun í sjálfstætt starfandi leikskóla fer fram í skólunum sjálfum og þar fást upplýsingar um

leikskólagjöld sem borgin niðurgreiðir. Leikskólasvið sinnir eftirliti með sjálfstætt starfandi leikskólum. Nánari upplýsingar eru á www.leikskolar.is/Sjalfstætt_starfandi_leikskolar.

Eru allir leikskólar eins?

Allir leikskólar starfa samkvæmt sömu lögum og aðalnámskrá. Þeir hafa hins vegar svigrúm til sjálfstæðra vinnubragða og hafa ólíkar áherslur í faglegu starfi. Nám í leikskóla fer fram í gegnum leik og skapandi starf þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Allir leikskólar gera skólanámskrá. Árlega ber leikskólum að gera starfsáætlun samþykkt af foreldraráði og er henni skilað til menntaráðs.

Er hægt að velja leikskóla fyrir barnið?

Já, foreldrar eiga val og geta valið þann leikskóla sem þeir telja að henti barni þeirra best.

Hvað er aðlögun?

Gert er ráð fyrir aðlögunartíma þegar barnið byrjar í leikskóla og að foreldrar fylgi barninu fyrstu skrefin í nýju umhverfi. Hver leikskóli hefur sinn háttinn á við aðlögun og upplýsir foreldra um fyrirkomulagið í fyrsta viðtali. Leitast skal við að tryggja túlkajónustu fyrir þá foreldra sem ekki tala íslensku eða nota táknmál